

**Tónlistarfélag Ísafjarðar**  
**Austurvegi**  
**400 Ísafjörður**

**Ísafirði, 26.Nóvember 2020**

**Bæjarstjóri Ísafjarðar**  
**Herra Birgir Gunnarsson**

**Efni:** Afsal húsnæðis Tónlistarskóla Ísfjarðar til Ísfjarðarbæjar

Tónlistarfélag Ísafjarðar óskar hér með eftir því að Ísafjarðarbær yfirtaki rekstur og viðhald húsnæðis Tónlistarskólans við Austurveg 11 á Ísafirði.

Rekstrarfyrirkomulag Tónlistarskólans myndi haldast óbreytt.

Leigusamningur um neðstu hæð vegna leikskóla heldur sér óbreyttur og framlengdur á meðan Ísafjarðarbær hefur þörf fyrir húsnæðið. Tónlistarskólinn hefur haft af því töluvert óhagræði að hafa ekki not af þeim hluta húsnæðisins. Má skoða annað form eða heiti á leigusamningnum.

Hamrar yrðu áfram eign Tónlistarfélagssins og nýting Hamra af Tónlistarskólanum yrði með óbreyttu sniði. Komi til viðhaldskostnaðar vegna samskeyta Tónlistarskólahúsnæðis og Hamra verður sá kostnaður á hendi Ísafjarðarbæjar.

Ísafjarðarbær myndi samhliða yfirtökunni gera nýtingarsamning við Tónlistarskólann þar sem yfirráð hans yfir húsnæðinu væru tryggð svo lengi sem hann er starfræktur þar. Einnig yrði í honum skýrt hvernig daglegu viðhaldi og húsvörslu yrði háttað. Komi upp hugmyndir um nýtingu á honum fyrir utan skólatíma yrði það gert í fullu samráði við skólastjóra.

Samkvæmt 6.gr.samstarfssamnings Bæjarstjórnar Ísafjarðar og Tónlistarfélagss Ísafjarðar frá 26.júní 1997 skal söluandvirði húsnæðisins skiptast að jöfnu milli samningsaðila og verði nýtt til áframhaldandi tónmenntunar í bæjarfélaginu. Þetta atriði samningsins haldist þrátt fyrir yfirtöku, en viðhaldskostnaður húsnæðis frá yfirtöku Ísafjarðarbæjar til sölundags dragast frá hluta Tónlistarfélagss. Þetta á við ef afgangur yrði af söluandvirði eftir uppbyggingu aðstöðunnar annars staðar.

Afsal eignarinnar er ekki formlega staðfest af hálfu Tónlistarfélagss Ísafjarðar fyrr en að loknu samþykki félagsfundar.

**Virðingarfyllst,**

**Steinþór Bjarni Kristjánsson**  
**Formaður**

